
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2010-02
Fundartími: Þriðjudagur 2. febrúar 2010 kl. 14:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Fundargerð síðasta fundar.
2) Skipan raforkuhóps og skipulag starfsins.
3) Notkunarflokkar raforku og gögn um afl.
4) Endurskoðun raforkuspár, almennar forsendur.
5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Pétur E. Þórðarson
Ásgeir Sigtryggsson
Sigurður Ágústsson

EFLA:

Jón Vilhjálmsson
Ingvar Baldursson

Fjarverandi:

Gunnar Aðalsteinsson
Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð
Íris Baldursdóttir

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. JV sagðist hafa skoðað aukningu á veitusvæði OR og sýndi mynd með aukningunni. Þessar tölur eru í samræmi við það sem GA sýndi á síðasta fundi.
- 2) Engar breytingar eru fyrirhugaðar núna á raforkuhópnum.
- 3) IB fór yfir gögn um raforkuvinnslu, notkun og afltölur og sýndi nokkrar myndir. Þrjár veitur eiga eftir að skila inn gögnum um notkunarflokkka en aflgögnin eiga öll að vera komin. Aflgögnin fyrir allt árið hafa verið lesin að nýju inn í gagnagrunninn. Hann benti á þær virkjanir þar sem vinnslan væri ekki mæld klukkutíma fyrir klukkutíma og ítrekaði að mikilvægt væri að vera með alla vinnsluna mælda. Flutningstöpin kom eðlilega út núna og eru að meðaltali 2,2% af innmötuninni. Fyrir Fljótsdalsvirkjun fengust tölur um daglega vinnslu en villur eru í þeim í janúar og febrúar en frá því í mars virðast þær vera góðar. Töpin og eigin notkun eru skv. þessum tölum 0,4% út september en hækka þá í 0,5%. ÁS sagði að aðveitustöðin á Bessastöðum hefði verið lögð niður síðasta haust og þá hefði fæðing upp á heiði færst yfir til Fljótsdalsstöðvar sem skýrir væntanlega

hækkunina. JV sagði að vinnslan í Fljótsdalsstöð hefði verið fundin með að bæta 0,5% við innmötunarröðina. Samþykkt var að lagfæra vinnsluna þannig að töpin séu 0,4% í janúar til september en 0,5% í október til desember en þetta mun lækka vinnsluna á landinu um 3,6 GWh. IB benti á nýtingartíma götulýsingar sem áætlaður er 4.200 stundir hjá OV en 3.900 stundir hjá OR.

- 4) JV fór yfir kafla 3 í almennu forsendunum sem fjallar um fólksfjölda. Hann sagði að tölur fyrir 2009 lægju ekki fyrir en búið væri að uppfæra kafla með tölum ársins 2008. Hann sagði að mikilvægt væri að meta hver þróun fólksfjölda hér á landi verður næstu árin en byggt hefur verið á spá frá Hagstofu Íslands sem síðast var endurskoðuð árið 2008. PEP taldi að í spá Hagstofunnar hefði verið gert ráð fyrir óeðlilega miklum aðflutningi fólks til landsins til lengri tíma litið. JV sagði að fæðingum hefði heldur verið að fjölga hér á landi undanfarin ár og spurning væri hvort sú þróun mundi snúast við núna en hægt er að vera með rök bæði fyrir fjölgun og fækkun fæðinga. SÁ benti á að aukinn fjöldi útlendinga hér á landi stuðlaði að fjölgun fæðinga.

Varðandi að- og brottflutning fólks sagðist JV hafa bætt við einni mynd sem sýndi skiptinguna milli Íslendinga og útlendinga. Á þeirri mynd kemur greinilega fram að Íslendingar hafa að jafnaði verið að flytja frá landinu en útlendingar til landsins. Frá 1961 hafa að meðaltali 390 Íslendingar flutt árlega frá landinu en 560 útlendingar til landsins eða samtals 170 fleiri til landsins en frá því. Í spá Hagstofunnar er aftur á móti gert ráð fyrir verulegum aðflutningi til lengri tíma litið og í lok spátímabilsins er um að ræða 840 manns á ári og að meðaltali yfir spátímabilið (2008-2050) eru það um 500 manns á ári sem flytja til landsins umfram þá sem flytja frá landinu. PEP benti á að útlendingar sem komnir væru til landsins virtust ekki ætla að flytja frá landinu í miklum mæli. Aftur á móti væru margir Íslendingar að flytja frá landinu og búast mætti við að það héldi áfram og t.d. hefðu það aðallega verið Íslendingar sem fluttu frá landinu á 3ja ársfjórðungi 2009. Á mynd sem JV sýndi komu flutningar fyrstu þrjá ársfjórðunga á árinu 2009 milli landa fram og hafa tæplega 2.000 Íslendingar flutt frá landinu umfram aðflutta og rúmlega 700 útlendingar og stefnir brottflutningur ársins í um 4.000 manns. PEP benti einnig á að uppsagnir opinberra starfsmanna væru að hefjast og það mundi stuðla að brottflutningi fólks frá landinu. SÁ benti á að atvinnustigið hefði mest áhrif á brottflutning fólks. JV benti á að til lengri tíma litið mætti gera ráð fyrir aðflutningi erlends vinnuafns þar sem við hefðu ekki fólk til að sinn ákveðnum störfum í þjóðfélaginu. ÁS taldi að til lengri tíma litið yrði flutningur Íslendinga frá landinu.

Farið var yfir fólksfjöldaþróun einstakra landshluta. JV benti á að kreppan núna virtist koma mest niður á suðvesturhorni landsins og staðan virtist einna best á Vestfjörðum þar sem fólki hefur fækkað mest undanfarna áratugi. PEP benti á að á utan kjarnasvæða væri víða erfitt ástand og á sumum stöðum væru aldurshóparnir undir 40 ára mjög litlir. ÁS benti á að taka þyrfti tillit til atvinnustigs og íbúðaverðs sem ætti að geta haft áhrif á

Íbúaþróun. PEP sagði að opinber störf út á landi sem erfiðlega hefur gengið að fylla á undanförunum árum ætti að vera hægt að manna núna sem stuðlað gæti að hagstæðari þróun utan suðvesturlands. JV benti á að ef þróunin á Vestfjörðum verður áfram eins og hún hefur verið undanfarinn áratug hljóti byggð að leggjast af víða á því svæði á næstu áratugum. Rætt var um að byggð utan helstu kjarnasvæða mundi eiga erfitt uppdráttar á næstu áratugum en niðursveiflan núna ætti helst að koma niður á suðvesturhorni landsins en áhrifin yrðu minni á kjarnasvæðum utan suðvesturlands. JV var falið að koma með tillögur varðandi fólksfjöldann fyrir næsta fund.

JV sagðist vera kominn með tölur frá Fasteignaskrá Íslands fyrir síðasta ár og búið væri að uppfæra kafla 12 með þeim tölum. Frestað var að fara yfir kafla 12 til næsta fundar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:20. Næsti fundur ákveðinn 2. mars 2010.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Mynd um aukningu raforkunotkunar og svæði OR.
- Myndir um raforkunotkun og álag.
- Kafli 3 í raforkuspá um fólksfjölda.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
ÍP	Samþykki fyrir áætlun næsta árs.
ÍP	Athuga með mælingar í virkjunum
JV	Spá um fólksfjölda.